

Ferðapjónustureikningar 2009–2011

Tourism satellite accounts 2009–2011

Samantekt Í þessu hefti er birt heildstætt yfirlit yfir ferðapjónustu árið 2009 en jafnframt áætlun um þróun ferðapjónustunnar innanlands á árunum 2010 og 2011.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Landsframleiðsla frá framleiðsluhlíð dróst saman um 7,9% árið 2009 en ferðapjónusta nokkru minna, um 6,8%, sem skýrir 1,3% hærra hlutfall greinarinnar í vergri landsframleiðsla árið 2009.
- Heildarumsvif fyrirtækja í ferðapjónustu árið 2009 námu ríflega 230 milljörðum króna eða sem svarar rúmlega 15% af vergri landsframleiðslu og er þá búið að áætla umsvif íslenskra ferða- og flugþjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands.
- Heildarferðaneysla innanlands á árinu 2009 var rúmlega 184 milljarðar króna eða sem svarar rúmlega 12,3% af vergri landsframleiðslu.
- Ferðaneysla innanlands skiptist þannig að kaup erlendra ferðamanna voru rúmlega 111 milljarðar, ferðaneysla heimila var um 64 milljarðar og kaup fyrirtækja og opinberra aðila námu um átta milljörðum króna.
- Árið 2009 voru gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum 158 milljarðar króna. Þar eru meðtalin umsvif íslenskra ferða- og flugþjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands. Ferðaneysla erlendra ferðamanna innanlands nam rúmum 111 milljörðum króna en rúmlega 46 milljarðar króna eru tekjur vegna ferðamanna utan Íslands.
- Árið 2009 er áætlað að tæplega 8.500 manns hafi starfað við ferðapjónustu, um 5,2% af störfum alls.
- Vöru- og þjónustuskattar af ferðapjónustu námu rúmum 13 milljörðum króna árið 2009.
- Gera má ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hafi verið líðlega 117 milljarðar króna á árinu 2010 eða rúmlega 5% hærra en á árinu 2009.
- Á tímabilinu janúar til júní 2011 fjölgaði erlendum ferðamönnum sem fóru frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar um tæplega 21%. Á sama tíma má gera ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hér innanlands hafi aukist um tæp 16%.

Inngangur

Ferðapjónusta gerð upp samkvæmt alþjóðlegum staðli um ferðapjónustureikninga

Hagstofa Íslands birtir nú ferðapjónustureikninga fyrir árið 2009 en þeir hafa það hlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðapjónustu fyrir þjóðarbúskapinn. Helstu hagtölur í ferðapjónustu byggjast á niðurstöðum um útgjöld eða kaup erlendra ferðamanna á Íslandi, útgjöldum Íslendinga á ferð um eigið land og útgjöldum Íslendinga á leið til annarra landa og á ferðalagi erlendis.

Í ritinu er lögð áhersla á að mæla heildarumsvif ferðapjónustu á árinu 2009 en megináhersla er þó lögð á hlut innlendrar ferðapjónustu. Fyrst er birt heildstætt



yfirlit yfir ferðaþjónustuna árið 2009. Í öðrum hluta er vikið að vægi ferðaþjónustu í landsframleiðslu og í þeim þriðja ferðaneytlu á Íslandi, en þar er fjallað um ferðaneytlu erlendra ferðamanna, innlendra ferðamanna og lítillaga um ferðajöfnuð landsins á árinu 2010. Í fjórða hluta er gerð grein fyrir framboði af ferðaþjónustu, framleiðsluvirði, aðföngum og vinnsluvirði í greininni. Í fimmta hluta er vikið að skattlagningu ferðaþjónustu og í þeim sjötta er greint frá fjölda ársverka í ferðaþjónustu. Í lok hvers kafla er vikið að erlendum samanburði þegar það á við.

Á grundvelli fyrirbyggjandi vísbendinga er jafnframt dregin upp mynd af þróun ferðaþjónustu á árunum 2010 og 2011.

Ferðaþjónusta og efnahagskreppan

Alþjóðlega fjármálakreppan og afturkippur í efnahag heimsins setti svip sinn á ferðaþjónustu í heiminum árið 2009. Íslensk ferðaþjónusta fór ekki varhluta af þessari þróun þó að erlendum ferðamönnum¹ hafi fækkað minna hér á landi (1,6%) en í Evrópu almennt þar sem erlendum gestum fækkaði um 4,9% milli ára. Ferðaþjónusta í Evrópu rétti úr kútnum árið 2010 en þá fjölgaði erlendum ferðamönnum í álfunni um 3,2%. Á sama tíma var nánast engin fjölgun á Íslandi. Árið 2010 hafði gosið í Eyjafjallajökli neikvæð áhrif á greinina til skamms tíma en vakti jafnframt athygli á landi og þjóð. Vísbendingar eru um að vöxtur í ferðaþjónustu verði umtalsvert meiri á Íslandi ef horft er til fjölda erlendra ferðamanna (14%) á árinu 2011 en annars staðar í Evrópu (5–6%) ef spár Alþjóðaferðamálastofnunarinnar ganga eftir. Gera má ráð fyrir því að fjöldi erlendra ferðamanna á árinu 2011 verði um 540 þúsund. Ef ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum er bætt við má búast við að fjöldi þeirra verði tvisvar sinnum fleiri en íbúafjöldi landsins.

Áhrif efnahagshrunsins árið 2008 hafði mikil áhrif á ferðahegðun Íslendinga innanlands og erlendis árin 2009 og 2010 en tiltækar upplýsingar sýna að ferðaneytla Íslendinga tekur kröftuglega við sér á árinu 2011.

1. Helstu hagtölur í ferðaþjónustu²

Hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu var 5,6% á árinu 2009 og í heildarvinnuafli 5,2%

Á árinu 2009³ var heildarframleiðsluvirði ferðaþjónustunnar rúmlega 209 milljarðar króna. Þar af var heildarframleiðsluvirðið innanlands tæplega 184 milljarðar. Aðfanganotkun í ferðaþjónustu 2009 var um 125,5 milljarðar króna og vinnsluvirði ferðaþjónustu ríflega 75 milljarðar króna á grunnvirði eða 5,6% af vergri landsframleiðslu (VLF). Á árinu 2009 er áætlað að 8.500 manns hafi starfað í ferðaþjónustu eða um 5,2% af heildarvinnuafli.

Neytla ferðamanna innanlands var tæplega 184 milljarðar króna

Á mynd 1 eru hagtölur í ferðaþjónustu settar í innbyrðis samhengi, flæði framboðs og eftirspurnar eftir ferðaþjónustu dregið fram og virðisaukinn færður til bókar. Neytla ferðamanna innanlands var tæplega 184 milljarðar króna á árinu 2009 eða 12,3% af landsframleiðslu. Útflutningstekjur af ferðaþjónustu námu tæplega 158 milljörðum króna á sama ári. Þar af námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu innanlands rúmlega 111 milljörðum króna sem er um 61% af heildarferðaneytlu innanlands. Gjaldyristekjur innlendra fyrirtækja vegna starfsemi þeirra erlendis á árinu 2009 voru áætlaðar tæplega 46 milljarðar króna. Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að ferðaþjónustufyrirtæki skráð á Íslandi starfi á sviði ferðaþjónustu utan Íslands án þess að ferðmenn hafi viðvöl á Íslandi. Í samræmi við alþjóðlega

¹ Breyting milli ára á tímabilinu jan.-okt. 2011 á brottför erlendra ferðamanna frá Leifstöð.

² Um skýringar og hugtök er vísað til *Hagtiðinda*, 93. árg., 59. tbl., 10. október 2008: „Ferðaþjónustureikningar 2000–2006“.


³ Neytlu- eða ferðahlutföll (*e. tourism ratios*) sem notuð voru til að reikna út framleiðsluvirði, aðföng og vinnsluvirði í ferðaþjónustu 2009 byggja á ferðaháttum ársins 2009.

staðla og venjur eru tekjur þessara fyrirtækja skilgreindar sem gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu ef viðkomandi fyrirtæki er með lögheimili á Íslandi. Framleiðsluvirði, aðföng og ávinningurinn af þessari atvinnustarfsemi er því hluti af ferðaþjónustu landsins þó að þjónustan fari fram utan Íslands. Meginhlutverk ferðaþjónustureikninga er að meta og mæla umsvif ferðaþjónustu innanlands og í skýrslunni takmarkast umfjöllunin því við það, nema annað sé tekið fram.

Útgjöld Íslendinga innanlands voru um 72 milljarðar króna eða tæplega 40% af ferðaneyslu innanlands þar af mældust útgjöld fyrirtækja og hins opinbera um 8 milljarðar króna eða um 4% af ferðaneyslu innanlands. Á árinu 2009 var hlutur heimila um 89% af útgjöldum Íslendinga á ferðalagi innanlands, hlutur fyrirtækja var tæplega 6% og hins opinbera rúmlega 5%. Skattar á ferðavörur og þjónustu var tæplega 7% af framleiðsluvirði ferðaþjónustunnar á grunnvirði.

Mynd 1. Kaup og framleiðsla á ferðaþjónustu 2009

Figure 1. Consumption and supply of tourism products 2009



¹ Aðföng sem fyrirtæki nota og kaupa af öðrum fyrirtækjum (e. *intermediate consumption*) eða flytja inn (e. *imports*).

Gert er ráð fyrir að tæplega 8.500 manns starfi í ferðaþjónustu á árinu 2009, en það er fækkun um líðlega 780 störf frá fyrra ári. Þrátt fyrir það hækkar hlutur ferðaþjónustu í heildarvinnuafli lítillega, úr 5,1% í 5,2%, enda fækkar störfum á vinnu-markaði í heild um tæp 8,5% en í ferðaþjónustu um 8,4%.

2. Hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu

Á árinu 2009 var hlutur ferðaþjónustu (starfsemi utan Íslands meðtalin) í landsframleiðslu 5,9% og hækkaði töluvert milli ára eða úr 4,6% á árinu 2008. Hlutfall ferðaþjónustu í landsframleiðslu hefur verið á bilinu 4,4% til 5,6% eins og sjá má af mynd.²

Árið 2009 markaðist í efnahagslegu tilliti, af miklum afturkipp í heimsbúskapnum eftir hrun fjármálakerfisins. Íslensk ferðaþjónusta fór ekki varhluta af þessari þróun en landsframleiðsla frá framleiðsluhlið dróst saman um 7,9% og ferðaþjónusta nokkru minna eða um 6,8% sem skýrir hækkandi hlutfall greinarinnar í vergri landsframleiðslu á árinu 2009.


Aukin útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi

Hærra hlutfall ferðaþjónustu í landsframleiðslu má einkum rekja til erlendra ferðamanna hér á landi en útgjöld þeirra hækkuðu úr tæpum 94 milljörðum á árinu 2008 í 113 milljarða 2009 eða um tæp 19% á verðlagi hvers árs. Tæplega 495 þúsund ferðamenn komu til landsins á árinu 2009 og fækkaði þeim lítillega milli ára eða um 1,6%. Til viðbótar komu um 69 þúsund ferðamenn hingað til lands með skemmtiferðaskipum á árinu 2009 sem er 16% fleiri dagsferðamenn en á árinu 2008.

Útgjöld innlendra ferðamann á Íslandi drógust hins vegar saman um tæp 6%. Mestur var samdráttur í útgjöldum fyrirtækja vegna ferðalaga en þau drógust saman um rúm 24%. Útgjöld heimila til ferðalaga innanlands án flugfargjalda til útlanda eru nær óbreytt milli ára eða tæpir 52 milljarðar króna sem teljast má gott ef horft er til lækkunar kaupmáttar og hækkandi eldsneytisverðs á árinu.

Mynd 2. Magnvísitala vinnsluvirðis og hlutur ferðaþjónustu í VLF

Figure 2. Value added and Tourism industry share in GDP



Alþjóðlega fjármálakreppan og afturkiptur í efnahag heimsins setti svip sinn á ferðaþjónustu í heiminum á árinu 2009. Samkvæmt Aljóðaferðamálastofnuninni¹ fækkaði erlendum ferðamönnum um 3,8% í heiminum. Um 485 milljón erlendir ferðamenn komu til Evrópu á árinu 2008 en á árinu 2009 reyndust þeir vera rösklega 461 milljón. Markaðshlutdeild Íslands í hlutfalli við fjölda erlendra ferðamanna í Evrópu hækkaði úr 0,10% á árinu 2008, í 0,11% á árinu 2009.

3. Neysla ferðamanna innanlands 2009

Útgjöld vegna flugþjónustu voru um 31% af heildarneyslu ferðamanna 2009


Heildarneysla á innlendri ferðaþjónustu árið 2009 nam ríflega 184 milljörðum króna. Útgjöld vegna farþegaflutninga vógu þyngst, voru tæplega 41% af heildarneyslu eða 74,5 milljarðar króna. Þar af voru útgjöld ferðamanna vegna flugþjónustu rúmlega 57 milljarðar króna eins og sjá má á mynd 3, eða rúmlega 31% af heildarneyslu ferðamanna.

Neysla ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu var um 36 milljarðar króna eða um 20% af heildarferðaneyslu innanlands. Þjónusta ferðaskrifstofa nam tæpum 12 milljörðum króna 2009 eða 6,6% af heildarneyslu á ferðaþjónustu. Þær atvinnugreinar sem veita ofangreinda þjónustu flokkast sem einkennandi ferðaþjónustugreinar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum til aðgreiningar frá öðrum atvinnugreinum sem sinna ferðaþjónustu.

Ef vikið er að annarri starfsemi (öðrum atvinnugreinum) sem tengist ferðaþjónustu má sjá að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds bifreiða námu tæplega 12 milljörðum króna árið 2009. Þá námu útgjöld vegna annarrar þjónustu í farþegaflutningum tæpum 9 milljörðum króna. Menning og afþreying sem tengist neyslu ferðamanna nam 8,8 milljörðum króna árið 2009. Viðskipti ferðamanna vegna ýmiss konar verslunar og þjónustu á ferðalagi námu 31 milljarði króna sem er næst stærsti flokkur neysluútgjalda ferðamanna innanlands á eftir farþegaflutningum með flugi.

Mynd 3. Neysluflokkar innlendarar ferðaþjónustu 2009 í milljörðum króna

Figure 3. Internal tourism consumption by categories 2009 in billion ISK*



* For English terms, see table 9.

¹ www.unwto.org.

Erlendir ferðamenn

Neysla erlendra ferðamanna var um 61% af heildarferðaneyslu innanlands árið 2009

Um 61% af umsvifum innlendarar ferðaþjónustu á árinu 2009 má rekja til erlendra ferðamanna sem er tæplega 6% hærra hlutfall en á árinu 2008. Á árinu 2003 var þetta hlutfall 53% þannig að vægi þeirra í innanlandsferðaþjónustu hefur aukist nokkuð.


Ferða- og dvalarkostnaður erlendra ferðamanna hér á landi nam 111,3 milljörðum króna árið 2009, eða um 14,2% af útfluttri vöru og þjónustu og um 7,4% af vergri landsframleiðslu. Ef fargjaldatekjum íslensku flugfélaganna vegna starfsemi þeirra utan Íslands er bætt við hækka gjaldeyristekjurnar í tæplega 158 milljarða króna og hlutfall af heildarútflutningi verður um 20%.

Útgjöld erlendra ferðamanna eru misjöfn eftir neysluflokkum

Eins og fram kemur á mynd 4 var vægi flugsamgangna í ferðaneyslu erlendra ferðamanna innanlands um 36% á árinu 2009 eða tæplega 40 milljarðar. Um 11% útgjalda var vegna gistingar, 6% vegna veitinga, 9% vegna bensíns, leigu bifreiða og viðhalds á bifreiðum. Vægi annarra samgangna í heildarútgjöldum erlendra ferðamanna var um 5%, menning og afþreying 5% og verslun og kaup í verslunum vegur þungt eða um 15%.

Mynd 4. Neysla erlendra ferðamanna, skipting á vöruflokkum 2009

Figure 4. Internal foreign tourism consumption by categories 2009*



* For English terms, see table 9.

Á árinu 2009 komu 495 þúsund ferðamenn til landsins og um 69 þúsund dagsferðamenn með skemmtiferðaskipum. Ferðaneysla hinna erlendu gesta á Íslandi var rúmlega 111 milljarðar króna sem er veltubreyting upp á tæp 19% milli ára. Ef gerð er tilraun til að nálgast raunaukningu¹ milli ára miðað við undirvísitölur í framleiðsluuppjöri þjóðhagsreikninga á stærstu liði neysluútgjaldanna og neysluverðsvísitölu í heild beitt á önnur útgjöld má gera ráð fyrir að raunaukning á árinu 2009 hafi verið um 11%. Eins og fram hefur komið fækkaði ferðamönnum um tæp 2% á árinu 2009 borið saman við fyrra ár. Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði um 9,6% á sama tíma þannig að líklegt er að erlendir ferðamenn hafi dvalið lengur og eytt meiru á árinu 2009 en árið áður.

¹ Notaðar eru undirvísitölur í framleiðsluuppjöri þjóðhagsreikninga á stærstu liðina, hótél- og veitingasölu, akstur strætisvagna, áætlunarbíla, bílaleigur, ferðaskrifstofur, bensín og olíur og neysluverðsvísitalan í heild á hina.

Tafla 1. Ferðaneysla erlendra ferðamanna 2008 til 2010*Figure 1. Inbound tourism consumption/expenditure 2008 and 2010**

Verðlag hvers árs, milljónir króna	2008	2009	2010
<i>Current prices, million ISK</i>			
Ferðaneysla alls	93.780	111.316	116.940
Einkennandi ferðaþjónustu atvinnugreinar	62.962	78.028	82.629
1. Gistiþjónusta	10.428	12.405	12.217
2. Veitingaþjónusta	7.145	6.907	7.341
3. Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	7.418	8.105	8.117
4. Flutningar á landi og sjó	4.465	5.508	5.867
5. Farþegaflutningar með flugi	29.743	39.740	44.164
6. Ferðaskrifstofur	3.763	5.362	4.924
Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar	30.818	33.288	34.310
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	2.115	2.263	2.709
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	5.930	6.454	6.728
9. Menning og afþreying	5.704	5.908	6.453
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.656	2.018	2.038
11. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu	14.412	16.645	16.382

* For English terms, see table 9.

Þróunin 2010

Á árinu 2010 hafði gosið í Eyjafjallajökli, til skamms tíma, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu hér á landi og víðar en vakti jafnframt athygli á landi og þjóð. Ekki liggur fyrir heildstætt yfirlit yfir ferðaþjónustu á árinu 2010 en útgjöld erlendra ferðamanna gefa góða vísbendingu um hver þróunin verður á því ári. Ætla má að útgjöld erlendra ferðamanna hafi verið liðlega 117 milljarðar króna á árinu 2010 eða rúmlega 5% hærri en á árinu 2009. Áætluð raunaukning gæti verið rúmlega 2%. Ef útgjöld vegna flugsamgangna eru ekki tekin með dragast útgjöldin saman um 2%¹ að raungildi. Fjöldi erlendra ferðamanna og fjöldi gistinátta var sá sami árið 2010 og á árinu 2009 en tæplega 2% aukning var í fjölda ferðamanna með skemmtiferðaskipum.

Þróunin 2011

Vísbendingar benda til að ferðaþjónustan hafi náð sér á strik á ný á árinu 2011 og gott betur. Á tímabilinu janúar til júní fjölgaði erlendum ferðamönnum sem fara frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar um tæplega 21%. Á sama tíma má gera ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hér innanlands hafi aukist um tæp 16% meðan gistinætur á hótélum aukast um 9,5%. Upplýsingar um fjölda gistinóttu á hótélum geta verið leiðbeinandi um ferðamannastraum til landsins á tímabilinu janúar til apríl en þá er hlutfall hótélgistingar í heildarfjölda gistinátta hátt eða yfir 80%. Strax í apríl lækkar þetta hlutfall og í júní er það komið niður fyrir 50% miða við nokkur ár.²

Ekki eru til öruggar heimildir um tilgang³ eða dvalartíma erlendra ferðamanna hér á landi innan ársins en þær tölur geta verið breytilegar eftir þjóðerni gesta. Ferðamenn frá Bretlandi og Bandaríkjunum hafa verið fjölmennastir erlendra gesta yfir vetrarmánuðina undanfarin ár. Meðaldvalarlengd⁴ Breta mælt í fjölda gistinóttu á hótélum í janúar–mars 2011 var 1,6 nótt á tímabilinu janúar til júní 2011. Á sama tíma var meðalfjöldi gistinóttu Bandaríkjamanna og Þjóðverja nær 3 nóttum. Í niðurstöðum í skoðanakönnunum sem Ferðamálaráð gefur út kemur fram að

¹ Á undanförunum árum hefur mikilvægi Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar vaxið verulega og þar með tekjur af ferðamönnum sem enga eða skamma viðdvöl hér á landi sem geta skýrt þessa niðurstöðu.

² Miðað var við árin 2005, 2006 og 2010. Þetta hlutfall var herra í janúar til apríl á árunum 2005 og 2006 sem bendir til að aðrar tegundir gistingar hafi verið að auka markaðshlutdeild.

³ Ferðalangur er ekki endilega ferðamaður í skilningi ferðaþjónustu. Ef tilgangur ferðar er að stunda launaða vinnu hér á landi er viðkomandi ferðalangur (e. visitor) en ekki ferðamaður (e. tourist).

⁴ Fjöldi gistinátta á hótélum deilt með fjölda ferðamanna.

meðaldvalarlengd yfir vetrarmánuði sé fimm til sex nætur sem gefur til kynna að ferðamenn nýti sér annan gistimáta en hótél.

Meðalútgjöld á dag

Meðalútgjöld á ferðamann hækkuðu verulega milli áronna 2008 og 2009 eða um rúmlega 20% enda lækkaði meðalgengi krónunnar um rúmlega 34% milli sömu ára. Á árinu 2010 hækka útgjöld um tæp 5% úr rúmlega 225 þúsund krónum í ríflega 236 þúsund krónur. Meðalútgjöld á gistinótt eru hærri en meðalútgjöld á ferðamann enda er þar verið að miða við greiddar gistinætur.

Tafla 2. Ferðaneysla erlendra ferðamanna, meðalútgjöld

Figure 2. Inbound tourism consumption/expenditure, average per tourist

Ferðaneysla erlendra ferðamanna innanlands, millj. króna		Krónur ISK				
<i>Total inbound consumption, billion ISK</i>	Meðalútgjöld á ferðamann <i>Expenditure by tourists</i>	Meðalútgjöld á dag <i>Tourists expenditure by day</i>	Meðalútgjöld á dagsferðamann* <i>ferðamenn* Expenditure by SDV*</i>	Meðalútgjöld á gistinætur alls <i>Expenditure by overnight stays</i>	Meðalútgjöld á gistinótt <i>Expenditure by night</i>	
2008	93.780	186.813	28.434	10.488	48.273	7.348
2009	111.316	225.363	33.596	12.392	52.272	7.792
2010	116.940	236.557	32.365	12.410	54.923	7.818

* Dagsferðamenn með skemmtiferðaskipum.¹ *Same day visitors (SDV) on cruise ships.*

Ef áætlanir og spár Alþjóðaferðamálastofnunarinnar ganga eftir fjölga erlendum ferðamönnum í Evrópu um um 3,2% á árinu 2010 og um 5–6% á árinu 2011. Afturkipturinn á sviði ferðaþjónustu var því minni á Íslandi á árinu 2009 (-1,6%) en í Evrópu (-4,9%) mælt í fjölda erlendra ferðamanna en þeim fjölga hæggar á Íslandi (0,2%) en í Evrópu (3,2%) á árinu 2010. Hins vegar benda vísendingar til að vöxtur í fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands verði umtalsvert meiri á árinu 2011 (14%)² en í Evrópu (5–6%). Ekki er ólíklegt að fjöldi erlendra ferðamanna sem koma til landsins á árinu 2011 verði um 540 þúsund. Ef ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum er bætt við má búast við að fjöldi erlendra ferðamanna verði tvisvar sinnum fleiri en íbúafjöldi landsins.

Innlendir ferðamenn

Um 40% af umsvifum innlendarar ferðaþjónustu á árinu 2009 má rekja til innlendra ferðamanna. Á árinu 2003 var þetta hlutfall 47% en 45% á árinu 2008 sem segir, eins og komið hefur fram, að ferðaneysla erlendra ferðamanna eykst hlutfallslega meira en ferðaneysla Íslendinga á undanförunum árum.

¹ Hafnarsamband Íslands lét gera könnun á útgjöldum erlendra ferðamanna sem komu með skemmtiferðaskipum til landsins árið 2009. Bresk-ameríska fyrirtækið BREA, Business Research & Economic Advisors and Peter Wild, framkvæmdi könnunina. Niðurstöður voru að meðalútgjöld námu 72 evrum eða 12.932 íslenskum krónum miðað við meðalgengi ársins 2009. Ákveðið var að breyta áður birtum tölum í samræmi við þessa niðurstöðu.

² Breyting milli ára á tímabilinu jan.–okt. 2011 á brottför erlendra ferðamanna frá Leifsstöð.

Tafla 3. Útgjöld og neysluflokkar innlendra ferðamanna innanlands 2009

Table 3. Share of domestic expenditure by type of product 2009*

Á verðlagi ársins, milljónir króna <i>Current prices, million ISK</i>	Heimilin <i>Household demand</i>	Fyrirtæki og hið opinbera <i>Business and government demand</i>	Neysla inn- lendra ferða- manna alls <i>Domestic demand</i>
Ferðaneysla alls	64.434	7.432	71.866
Einkennandi ferðþjónustu atvinnugreinar	37.376	7.179	44.555
1. Gistiþjónusta	5.999	1.199	7.198
2. Veitingaþjónusta	7.238	1.674	8.912
3. Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	733	607	1.340
4. Flutningar á landi og sjó	2.415	0	2.415
5. Farþegaflutningar með flugi	14.834	2.913	17.747
6. Ferðaskrifstofur	6.157	785	6.943
Ferðþjónustutengdar atvinnugreinar	27.058	253	27.311
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	9.415	0	9.415
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	2.081	253	2.334
9. Menning og afþreying	2.854	0	2.854
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	1.620	0	1.620
11. Ýmis verslun tengd ferðþjónustu	11.088	0	11.088

* For English terms, see table 9.

Minni útgjöld árið 2009

Á árinu 2009 lækkuðu útgjöld Íslendinga vegna ferðalaga um eigið land um tæp 6% og gera má ráð fyrir að raunlækkun hafi verið um 12%.¹ Af þessu má ráða að áhrif efnahagshrunsins á árinu 2008 hafi haft mikil áhrif á ferðahegðun Íslendinga innanlands á árinu 2009.

Útgjöld heimila til ferðalaga innanlands skipta mestu máli en þau námu 52 milljörðum króna árið 2009 án flugfargjalda til útlanda, og voru nær óbreytt milli ára. Gera má ráð fyrir að raunlækkun hafi verið um 11%. Þennan afturkipp má rekja til lækkandi kaupmáttar og áframhaldandi verðhækkunar á olíu og bensíni á árinu 2009 en þessar vörur hækkuðu um 30% á árinu 2008 og um rúmlega 8% árið 2009.

Í ferðþjónustureikningum er nýting sumarþustaða áætluð sérstaklega en þrátt fyrir það lækkar hlutfall innlendra ferðamanna í gistiþjónustu úr rúmlega 43% á árinu 2008 í 38% á árinu 2009. Jafnframt lækka útgjöld vegna gistingar lítilllega eða um 3% úr 6,2 milljörðum króna í tæpa 6 milljarða króna. Ferðaneysla Íslendinga á veitingahúsum var tæpir 7 milljarðar króna 2009 eða um 2,5 milljörðum hærri en útgjöld erlendra ferðamanna vegna veitinga sama ár.

Einkabíllinn er algengasti ferðamáti landsmanna á ferð um eigið land og gera má ráð fyrir að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds á bílum á ferðalagi hafi verið 9,4 milljarðar króna 2009. Mæling vegagerðarinnar á umferð sýndi að akstur á þjóðvegum jókst um 1,1% á árinu 2009.

Af öðrum mikilsverðum vísbendingum um ferðalög Íslendinga á heimamarkaði má ráða að þrátt fyrir minnkandi eftirspurn innanlands eftir ferðþjónustu eru neysluútgjöld vegna ferðalaga fastir liðir í útgjöldum almennings. T.a.m. fjölgaði gisti-

¹ Notaðar eru undirvísitölur í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga á stærstu liðina, hótél- og veitingasölu, akstur strætisvagna, áætlunarbíla, bílaleigur, ferðaskrifstofur, bensín og olíur og neysliverðsvísitalan í heild á hina.

nóttum¹ um tæp 10% milli árána 2008 og 2009 en aukningin er aðallega í ódýrari gistingu, s.s. í orlofshúsabyggð, farfuglaheimilum, svefnpokagistingu og á tjaldstæðum. Samdráttur í gistinóttum á hótelum, dýrasta gistingu, var tæplega 8%.

Ekki kemur á óvart að mestur samdráttur var í útgjöldum fyrirtækja vegna ferðalaga og þjónustu þeim tengdum en þau voru 24% lægri á árinu 2009 en á árinu áður sem er 27% lækkun að raungildi. Á sama tíma var samdráttur í ferðaútgjöldum hins opinbera tæplega 6% á verðlagi ársins en tæplega 11% að raungildi.

Þróunin 2010 og 2011

Á árinu 2010 varð 0,4% raunlækkun á einkaneysla heimila og var það þriðja samdráttarárið í röð² en einkaneyslan gefur vissa vísbendingu um hvers vænta megi um útgjöld heimila til ferðalaga og þjónustu þeim tengdum. Aðrar tiltækar vísbendingar gefa jafnframt til kynna að ferðaneysla Íslendinga innanlands hafi ekki tekið við sér á árinu 2010. Gistinóttum Íslendinga innanlands fækkar á árinu 2010 um tæpt 1% borið saman við fyrra ár. Viðlíka lækkun er í rekstri ökutækja í einkaneysluútgjöldum heimila á árinu 2010 sem er í samræmi við mælingar vegagerðarinnar á akstri og umferð á þjóðvegum en akstur dróst saman um tæpt 1% á árinu 2010 borið saman við fyrra ár.

Nú eru vísbendingar á lofti um að einkaneysla heimila sé að ná sér á strik en hún jókst um rúm 6% milli ára á öðrum ársfjórðungi ársins 2011. Þess er því að vænta að ferðalög Íslendinga taki við sér á ný á árinu 2011 enda sýna upplýsingar um fjölda gistingu Íslendinga, á hótelum³ á tímabilinu janúar til júní 14% aukningu milli árána 2010 og 2011.

Stærsti útgjaldaflokkur Íslendinga vegna ferðalaga er vegna flutninga með flugi en hann nam ríflega 17 milljörðum króna á árinu 2008. Stærstur hluti farþegaflutninga með flugi er vegna ferða Íslendinga til annarra landa.

Íslendingar erlendis

Ferðalög mikilvægir hagvísar

Á árinu 2009 fækkaði komum Íslendinga frá útlöndum um rúmlega 37% sem er lýsandi fyrir það hvernig Íslendingar brugðust við bankahruni og afar veiktu gengi krónunnar.

Útgjöld Íslendinga á ferðalagi erlendis á árinu 2009 eru tæplega 64 milljarðar króna. Samkvæmt niðurstöðum ferðajafnaðar á árinu 2009 eru tekjur Íslendinga af erlendum ferðamönnum tæplega 49 milljarðar króna umfram útgjöld Íslendinga erlendis. Mestur munur er í samgöngum með flugi en þar kemur sérstaða Íslands fram en Íslendingar ferðast jafnan með innlendum fyrirtækjum til útlanda. Kaup Íslendinga í verslunum erlendis er tæpum 9 milljörðum hærri en ferðamanna-verslun erlendra ferðamanna á Íslandi þrátt fyrir óhagstæð viðskiptakjör á árinu 2009.

Á árinu 2010 má gera ráð fyrir að ferðaneysla Íslendinga í útlöndum hafi verið rösklega 62 milljarðar króna en um 16% fleiri Íslendingar komu frá útlöndum á árinu 2010 en árið áður. Á árinu 2010 styrktist krónan um 3,1% frá meðaltali fyrra

¹ Gistinætur sem einstaklinar greiða fyrir. Gistinætur hjá vinum og ættingjum og í eigu stéttarféлага eru ekki meðtaldar.

² Einkaneysla alls lækkaði um 7,9% á árinu 2008 og um 14,9% á árinu 2009.

³ Það er umtalsvert meiri aukning í hótulgistingu á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2011 þegar tímabilið janúar-júní er skoðað eða um 43%.

árs og veltubreyting í útgjöldum Íslendinga á ferðalagi, án flugfargjalda, var rúmlega 4%. Stærsti útgjaldaliður nú eins og áður er vegna verslunar eða tæplega 29 milljarðar króna og hækkar hann um 12% frá fyrra ári.

Tafla 4. Ferðajöfnuður 2010

Table 4. Tourism balance of trade 2010*

	Ferðaneysla erlendra ferðamanna† <i>Inbound tourism consumption</i>	Ferðaneysla Íslendinga erlendis‡ <i>Outbound tourism consumption</i>	Ferða- jöfnuður <i>Tourism balance of trade</i>
Ferðaneysla alls	117.660	62.218	55.441
Einkennandi ferðajöfnuðustengdar atvinnugreinar	83.349	27.733	55.616
1. Gistipjónusta	12.961	8.714	4.247
2. Veitingapjónusta	7.317	6.456	861
3. Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	8.117	2.067	6.049
4. Flutningar á landi og sjó	5.867	2.001	3.866
5. Farþegaflutningar með flugi§	44.164	4.910	39.254
6. Ferðaskrifstofur	4.924	3.585	1.339
Ferðajöfnuðustengdar atvinnugreinar	34.310	34.485	-175
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	2.709	1.361	1.348
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	6.728	0	6.728
9. Menning og afþreying	6.453	1.891	4.562
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.038	2.490	-452
11. Ýmis verslun tengd ferðajöfnuðustö	16.382	28.743	-12.361

* For English terms, see table 9. † Án erlendra námsmanna á Íslandi. *International students not included.* ‡ Án íslenskra námsmanna erlendis. *Icelanders studying abroad are not included.* § Nettó innflutningur á flugi. *Net imports.*

Á árinu 2010 var ferðajöfnuðurinn jákvæður um 55 milljarða króna. Athygli vekur að ferðamannaverslun liðlega 563¹ þúsund ferðamanna sem komu til Íslands á árinu 2010 er um 12 milljörðum lægri en útgjöld 254 þúsund Íslendinga í verslunum erlendis á sama ári.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011 eru áætlað að útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis² hafi verið um 37 milljarðar króna og að raunaukning hafi verið um 17% frá sama tíma fyrra árs. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011 komu liðlega 19% fleiri Íslendingar frá útlöndum³ en á sama tíma í fyrra eða 163 þúsund manns. Gera má ráð fyrir að um 380 þúsund Íslendingar verði á faraldsfæti á árinu 2011 en til samanburðar má geta þess að á árinu 2007 komu um 448 þúsund Íslendingar frá útlöndum.

¹ Þá eru líka meðtaldir þeir ferðamenn sem komu með skemmtiferðaskipum.

² Innflutt ferðajöfnuðustö án flugfargjalda.

³ Ferðamálaráð. Brottför um Keflavíkurflugvöll.

4. Framleiðsluvirði í ferðaþjónustu 2008

Vinnsluvirði ferðaþjónustu var um 75 milljarðar króna 2009 eða 5,9% af landsframleiðslu

Heildarframleiðsluvirði í ferðaþjónustu á grunnvirði var 200 milljarðar króna árið 2009 og aðfanganotkunin 125,5 milljarðar króna eða 63% af framleiðsluvirðinu. Mismunurinn liðlega 75 milljarðar króna er sá virðisauki eða verðmætaaukning sem leiðir af þjónustu við ferðamenn. Ferðaþjónustureikningar mæla þannig bein efnahagsáhrif þeirra fyrirtækja sem annast þjónustu við ferðamenn. Óbein áhrif eru t.d. kaup leigubílstjórans á bensíni sem hefur áhrif á olúfyrirtækin og þannig koll af kalli. Að teknu tilliti til skatta, sem námu rösklega 13 milljörðum króna á umræddu ári, er vinnsluvirðið á markaðsvirði um 88 milljarðar króna eða 5,9% af landsframleiðslu. Framleiðsluvirði ferðaþjónustu nam um 230 milljörðum króna¹ 2009. Þar af er framleiðsluvirði í einkennandi ferðaþjónustugreinum (þ.e. í gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum og þjónustu ferðaskrifstofa) 169 milljarðar króna eða 74% af framleiðsluvirði í ferðaþjónustu alls.

Tafla 5. Framleiðsluvirði, aðföng og vinnsluvirði í ferðaþjónustu 2009

Table 5. Output, intermediate consumption and value added in tourism 2009*

Á verðlagi ársins, milljónir króna <i>At current prices, million ISK</i>	Framleiðsluvirði á grunnvirði		Vinnsluvirði		Framleiðsluvirði á markaðsvirði
	Aðföng	Vinnsluvirði	Skattar í ferða- iðnaði		
Alls Total	200.284	125.513	74.771	13.389	229.966
Einkennandi ferðaþjónustu atvinnugreinar	163.407	111.797	51.611	5.990	169.398
1. Gistipjónusta	18.923	9.703	9.221	1.091	20.015
1.1 Hótelgisting	9.860	6.068	3.792	690	10.550
1.2 Önnur gistipjónusta	9.063	3.634	5.429	401	9.464
2. Veitingaþjónusta	14.236	7.938	6.299	2.158	16.394
3. Farþegaflutningar	118.122	84.892	33.230	2.687	120.809
3.1 Farþegaflutningar á landi	6.332	3.012	3.321	–	6.332
3.2 Farþegaflutningar á sjó	1.573	1.076	498	17	1.591
3.3 Farþegaflutningar með flugi	102.611	76.414	26.196	830	103.441
3.4 Leiga flutningatækja, bílaleiga o.fl.	7.605	4.390	3.215	1.840	9.445
4. Ferðaskrifstofur	12.126	9.265	2.862	54	12.180
Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar	36.877	13.717	23.160	7.399	60.569
5. Smásala bensíns, viðg. og viðh. bifreiða	9.573	3.742	5.831	2.104	11.677
6. Önnur þjónusta tengd farþegaflutn.	8.210	2.555	5.654	548	8.758
7. Menningarstarfsemi	3.205	1.477	1.728	146	3.351
8. Afþreying og tómstundastarfsemi	5.034	2.292	2.742	377	5.411
9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.922	1.277	1.645	716	3.638
10. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu	7.933	2.373	5.559	3.507	27.733

* For English terms, see table 16.

Hlutdeild aðfanganotkunar er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum í ferðaþjónustu. Af einkennandi ferðaþjónustugreinum er hún hæst í flugrekstri 75% en lægst í gistipjónustu eða um 51%. Í ferðatengdum atvinnugreinum er hlutdeild aðfanganotkunar í verslun og menningarstarfsemi lægst sem samsvarar því að vinnsluvirðið sé hlutfallslega hæst í þessari þjónustu en hlutfallslega lægst í farþegaflutningum.

Eins og fram kemur hér að ofan er framleiðsluvirði í ferðaþjónustu alls herra en framleiðsluvirði í ferðaþjónustu innanlands. Munurinn er vegna starfsemi íslenskra

¹ Á markaðsvirði, en sköttum hefur verið bætt við grunnvirðið.

ferðaþjónustufyrirtækka sem starfa á sviði ferðaþjónustu utan Íslands án þess að ferðamaðurinn komi til Íslands. Þessi starfsemi er tekin með við mat á hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu.

5. Skattar á ferðaþjónustu 2009¹

Árið 2009 námu skattar á ferðaþjónustu rúmlega 13,4 milljörðum króna, eins og lesa má í töflu 12 í töfluviðauka, eða 8% af heildarsköttum á vöru og þjónustu. Þar af voru skattar á einkennandi ferðaþjónustugreinar tæplega 6 milljarðar króna en á aðrar tengdar ferðaþjónustugreinar um 7,4 milljarðar króna og þar munar mestu um skatta í tengslum við kaup ferðamanna í verslunum en þeir voru 3,5 milljarðar króna.


Við samantekt á sköttum á ferðaþjónustugreinar hefur áherslan verið lögð á virðisaukaskatt ferðaþjónustugreina og flugvallargjald á flugfarþega. Vörugjöld eða tollar sem falla á ferðaþjónustugreinar líkt og á aðrar greinar eru ekki teknir með. Þá hafa ekki verið dregin saman ýmis sérgjöld sem falla á ferðaþjónustugreinar, svo sem lendingargjald, öryggis- og vopnaleytingargjald, innritunargjald, afgreiðslugjald og flugvallargjald sem er skattur² á brottfararfarþega. Ekki heldur hafnar-gjald, lóðsgjald, skipagjald, vitagjald eða tollagjald sem falla til í tengslum við komur erlendra skemmtiferðaskipa hingað til lands.

6. Störf í ferðaþjónustu 2009

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að störfum í ferðaþjónustu hafi fækkað um liðlega 780 störf frá fyrra ári. Þrátt fyrir það heldur ferðaþjónusta hlut sínum í heildarvinnuafla og gott betur. Í einkennandi ferðaþjónustugreinum störfuðu rúmlega 5.900 manns á árinu 2008 en gert er ráð fyrir að þeim hafi fækkað í tæplega 5.350 störf á árinu 2009 og munar þar mest um fækkun í veitingahúsum og flugrekstri. Í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu störfuðu 3.335 manns á árinu 2008 en gert er ráð fyrir að þeim hafi fækkað í rúmlega 3.116 manns á árinu 2009.

Mynd 5. Fjöldi starfa í ferðaþjónustu og hlutfall af störfum alls 2000–2009

Figure 5. Employment in tourism and share in total employment 2000–2009



¹ Hinn 1. mars 2007 var virðisaukaskattur lækkaður úr 14% í 7% á gisti- og veitingahúsum.

² Eða þjónustugjöld.

English summary

Statistics Iceland releases now a new Tourism satellite account for 2009 and estimates for 2010 and 2011.

Tourism share of GDP was 5.9% in 2009, a 1.3% increase from the previous year. The gross domestic product (GDP) measured by the production approach decreased by 7.9% in 2009 while tourism gross domestic production decreased little less or by 6.8% which explains the tourism increase in GDP.

